

## Lýsing:

Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu á skrifstofu og þjónustusvæði samkvæmt vistvænni hugmyndafræði. Laugardalurinn er dreginn inn á lóðina sem grænt svæði með gördum og útisvæðum á tveimur hæðum. Öll bílastæði eru neðanjarðar undir garðsvæðum nema gestastæði við jaðar lóðarinnar. Þjónustan á svæðinu er opin öllum í hverfinu þannig að starfsemin geti þjónusta nærliggjandi skrifstofuhverfi með veitingasölu, verslun eða annari þjónustu. Mun blöndun þessara þátta geta gefið svæðinu mikið líf og skapað skemmtilegt umhverfi fyrir gesti og starfsmenn.